

## VII. Tillaga til 401. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 15. júní 2017

Tillaga meirihluta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Bæjarfulltrúar Í-listans í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar leggja fram svohljóðandi tillögu: Lagt er til að kannaður verði hugur íbúa Ísafjarðarbæjar um framtíð Sundhallarinnar og verði könnunin framkvæmd snemma í haust. Í könnuninni geti m.a. verið spurt að hvort að íbúar vilji loka sundaðstöðunni í Sundhöllinni, vilji gera lítilsháttar endurbætur á aðstöðunni eða stórtækar endurbætur. Bæjarstjóra verði falið að útfæra þessa íbúakönnun og leggja tillögur fyrir bæjarstjórn til samþykktar.

### **Greinargerð:**

Í tilefni af 70 ára afmæli Sundhallarinnar ákvað bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að láta fara fram hönnunarsamkeppni um endurbætur á Sundhöllinni og mögulegum viðbótum á aðstöðu sundiðkenda, meðal annars með útisvæði. Fjölmargar stórgóðar tillögur komu fram í samkeppninni og kom þar berlega í ljós að möguleikar á að færa aðstöðu sundiðkenda á Ísafirði í átt til nútímans, eru bæði margir og góðir. Í framhaldi af niðurstöðu dómnefndar, hefur verið farið í vinnu við að gera kostnaðarmat á ýmsum þáttum mögulegra framkvæmda og því auðveldara að bera saman ólíkar útfærslur og leggja fram sem valkosti með tilliti til framkvæmdakostnaðar.

Sundhöllin á Ísafirði var á sínum tíma stórglæsilegt mannvirki og er enn í dag tákmynd um stórhug samfélagsins sem og merkilegur hluti af sögu arkitektúrs í landinu enda teiknuð af einum frægasta arkitekt landsins, Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Sannarlega má segja að laugin hafi þjónað bæjarbúum vel frá upphafi. Staðsetning hennar í hjarta Ísafjarðar, við hliðina á Grunnskólanum, gerir það að verkum að laugin er í göngufæri fyrir stóran hluta bæjarbúa og hefur nýst einstaklega vel með skólastarfi. Því er ljóst að framtíð Sundhallarinnar verður ekki sú að húsið verði rífið, jafnvel þó að sundiðkun yrði fundinn annar staður á Ísafirði. Í þessari umræðu er því nauðsynlegt að halda til haga að áfram er þörf á að viðhalda húsinu eins og öðrum eignum sveitarfélagsins og að því mun fylgja kostnaður.

Í umræðum um sundmál á Ísafirði hefur verið ákveðin krafa um byggingu sundaðstöðu á Torfnesi í tengslum við önnur íþróttamannvirki á staðnum. Einnig hefur verið í umræðunni að réttast sé að loka sundlauginni við Austurveg og að íbúar á Ísafirði sækji til Bolungarvíkur eða í aðra byggðarkjarna Ísafjarðarbæjar til að iðka íþróttina. Því er ljóst að skoðanir íbúa á málinu eru margar og ólíkar, það er því rökrétt skref á þessum tíma að láta gera könnun á afstöðu íbúa til málsins.